

Fundargerð

21111921

Fimmtudaginn 21. nóvember 2019 kl: 17:00 kom hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps saman til 21. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Jón Sigmar, Helgi Hlynur og Jón.

1. Fjárhagsáætlun 2020 með þriggja ára áætlun, fyrri umræða.
Áætlunin rædd, borin upp og samþykkt til annarrar umræðu.
2. Erindi frá Vegagerðinni um yfirfærslu Desjarmýrarvegur.
Hreppsnefnd leggur áherslu á að þetta verði framkvæmt á sömu försendum og í öðrum sveitarfélögum. Vegurinn gegnum þorpið þarf að endurbyggjast og þar með hliðið á Heiðinni. Fulltrúa Vegagerðarinnar verður boðið á fund til að yfirfara málið.
3. Fundargerðir
 - a. Haust 30.10.2019, lögð fram til kynningar.
 - b. Skólaskrifstofa Austurlands 08.11.2019, lögð fram til kynningar.
4. Bréf
 - a. UÍA, beiðni um framlag, samþykkt að verða við beiðninni.
 - b. NAUST, ósk um stuðning, skoðað með afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
5. Skýrsla sveitarstjóra.
Rætt um húsbyggingar ma.

Fundi slitið kl: 18.30

Jón Þórðarson ritaði